



349. Stjórnarfundur haldinn 11. mars. 2010 kl:18:00

Mættir: Einar, Kári, Sigurvin, Birgir, Sveinn og Bjarney.

1. Skipting stjórnar.

Formaður lagði til óbreytta skiptingu stjórnar KG varaformaður, PMK gjaldkeri, SG ritari og BI meðstjórnandi. Tillaga formanns samþykkt.

2. Fundagerð síðasta fundar.

Lesin og samþykkt.

3. Innkominn bréf.

Afrit af bréfi til ÍT frá körfuknattleiksdeild Kef. v/ b-salar umbætur. Bréf frá ÍSÍ v/ kynningar og fræðsluefni vegna lyfjaeftirlits. *Framkvæmdastjóra falið að fá plaköt og bæklinga.*

Bréf frá lögreglustjóranum á Suðurnesjum v/ íkveikju við félagsheimilið þann 21.11. '09 að rannsókn sé hætt.

4. Send bréf.

EH skrifaði undir bréf knattspyrnudeildar vegna leyfiskerfis KSÍ.

5. Malarvallarsvæðið við Hringbraut.

EH bauð Árna Sigfússon bæjarstjóra, Stefán Bjarkason og Guðlaug Sigurjónsson framkvæmdastjóra ÍT og USK sviða velkomna á fundinn. Tilfnið er að kynna fyrir aðalstjórn fyrirhugaðar framkvæmdir á malarvellinum sem unnar hafa verið af USK og ÍT. EH fór yfir fund sem hann og PMK áttu með þessum aðilum 5. mars. EH gaf þeim félögum orðið. Guðlaugur tók við boltanum og kynnti þær hugmyndir sem fyrirhugaðar eru á malarvallarsvæðinu af hálfu bæjaryfirvalda. Nokkrar umræður urðu um vinnuferlið. Áhersla lögð á að grasvöllur verið í löglegri stærð samkvæmt reglugerð KSÍ um stærð valla (7 manna bolti). Stjórnarmenn nokkuð sáttir við þessar hugmyndir. EH falið að ganga frá samkomulagi við bæjaryfirvöld á grundvelli þessara kynningar. Aðalstjórn leggur áherslu á að þetta er og verður okkar félagssvæði.

6. Nýja félagsheimilið að Sunnubraut.

Ákveðið að skipa þriggja manna nefnd sem skoðar hvað þarf inn í félagsheimilið. Samþykkt að skipa BSS, BI og SA í nefndina. Framkvæmdastjóri verður nefndinni til aðstoðar.

7. Önnur mál.

Ákveðið að funda með stjórnnum deilda eftir 24. mars.

EH, KG og BI viðstaddir opnun á nýrri aðstöðu fimleikadeildarinnar sem er í íþróttakademíunni. EH færði deildinni blóm, borðfána félagsins á stöng og eintak af 80 ára sögu félagsins. Aðstaðan þykir hin glæsilegasta og eiga bæjaryfirvöld miklar þakkir fyrir framtakið.

Næsti fundur 24.03. kl. 17:00

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:40

Fundinn ritaði SG

